

Íslenskt sjálfstæði. 1937

Íslenskt sjálfstæði.

Íslenskt sjálfstæði í stjórn-málum verður miklu síður að notum ef lítið er um sjálf-stæða íslenska hugsun. En því máli er þó of litill gaumur gefinn, jafnvel þar sem augljósast er og auðveldast. Jafnvel þar sem tunga vor er annars vegar, er þessa of lítið gætt. Íslensku máli er nú meiri háski búinn en nokkurntíma áður, af því sem nefna mætti hroðmælgi og hraðmælgi, eins og eg hefi drepið á einhverntíma í sambandi við Utvarpið. Og þótt undarlegt megi virðast, þá gætir áhrifa dönskunnar í ritmáli, öllu meir nú en áður fullveldið fekst. Menn ættu ekki að gleyma því, að það er Íslendingum alveg sérstök smán að láta dönskuna spilla málí sínu. Ekkert Norðurlandamálið hefir eins úr lagi færst og danskan og er ástæðan auðsæ, því að frá fornu fari voru hin útlendu áhrif mest þar í landi og Danir tóku kristni á undan hinum Norðurlandaþjóðunum. Pegar á 11. öld voru Norðmenn farnir að henda gaman að dönskum böggumælum, og voru þó litil þá hjá því sem síðar varð. Það væri merkilegt rann-sóknarefni, sem eg býst við að hafi þó verið of lítið sint, að

athuga að hve miklu leyti breyt-ingarnar á Norðurlandamálum hafa verið í aðrar áttir en æskilegt hefði verið og ekki til bóta, og ætti þar einkum að mega mikils vænta af íslenskum málfræðingum. Til dæmis um óheppilegar breyt-ingar sem orðið hafa á dönsku máli skal eg geta þess, að „munu“ hefir þar tapast, en í staðinn komið „huske“, sem er ekkert annað en „hugsa“, skaðlega af-lagað. Þá mætti minna á fjölda af staðanöfnum, en eg læt hér nægja að nefna hvernig Skarfak-klettur hefir orðið Skarreklit, Mársey, Mors, þjóða Thy, og mjög fróðlegt bjarg við Lima-fjörð, sem einhverntíma mun hafa heitið Háiklettur, heitir nú Hanklit. En misskilningur er það þegar hérað það sem nú heitir Vendsyssel, hefir verið nefnt Vindasýsla, Vendilsýsla mun vera hið rétta nafn einsog sést á því að Vendelbo er nefndur sá sem þar á heima, en nafnið dregið af Skagatánni, sem af auðskildum ástæðum hefir nefnd verið Vendill.

1. dec.

Helgi Pjeturss.

Íslenskt sjálfstæði.

Í æviminningu, sem eg las einhversstaðar ekki alls fyrir löngu, stendur að N. N. hafi andast á heimili dóttur hans. Hvers? verður lesandanum að spyra fyrst, hví að enginn maður er þarna tilnefndur, sem þetta „hans“ geti átt við. En brátt kemur í ljós, að það var á heimili dóttur sinnar, sem maðurinn andaðist, og að þarna er hví um mjög hroðalega mál-villu að ræða. Hví miður er þessi ferlega vitleysa í meðferð fornafna farin að verða nokkuð algeng, og má furðu gegna, að enginn skuli hafa orð á hví gert, hver þörf er á, að slikum ósóma í ritmáli sé útrýmt. Önnur óhæfa, sem ástæða er til að benda á, er það, hversu ljúft eigi allfáum virðist vera, að

nota danska orðið stemning. Slikt orð er i fullkomnu ósamræmi við íslenskan hugsunarátt og styðst ekki við neina merkingu sagnarinnar að stemma. Menn þyrftu að hugleiða meir en gert er, hversu óholl áhrif það hefir á andlegt sjálfstæði vort, að meta útlend orð og málvenjur meir en það sem íslenskt er, og hversu náttengt ætlunarverk íslensku þjóðarinnar er hví, að henni hefir betur tekist en öðrum þjóðum af sama ættstofni, að varðveita samhengið í norrænu málí.

1. des.

Helgi Pjeturss.

Leiðréttung.

Í greininni „Vinsemd við Ný-ál“ hafði misprentast óefni fyrir áhrif, og fallið úr orðið lifa (fullkomnara lifi). H. P.

Ulf.